

**Ed.**

**454. Frumvarp til laga**

[118. mál]

um endurhæfingu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. marz.)

Samhljóða þskj. 153 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Hlutverk endurhæfingarráðs skal vera:

- a. að semja áætlun um þörf endurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni. Skal í áætlun þessari gerð grein fyrir stærð stofnananna, staðsetningu þeirra, verksviði og búnaði. Við samningu áætlunarinnar skal taka tillit til nýjunga í endurhæfingarmálum og stefna að því, að ráðstafanir til endurhæfingar svari jafnan sem best kröfum tímans.
- b. að hafa eftirlit með endurhæfingarstofnunum og vinnustöðvum fyrir öryrkja.
- c. að vinna að því, að verkaskipting slíkra stofnana verði sem hagkvæmust.
- d. að útvega þeim, sem þarfnast endurhæfingar og þjálfunar, sbr. 13. gr., rúm á stofnun við sitt hæfi og atvinnu að þjálfun lokinni, sbr. 15. gr.
- e. að stunda upplýsingastarfsemi og hvetja þá, sem ekki geta séð sér farborða vegna skertrar starfshæfni, til þess að leita þjálfunar og þeirrar meðferðar, sem við á, svo að þeir geti fengið starf við sitt hæfi.
- f. að vera stjórnarvöldum til aðstoðar og ráðgjafar um endurhæfingarmálefni, athuga og gera tillögur um, hvernig almenn endurhæfing og sú endurhæfing fólks með skerta starfsorku, sem lög þessi taka sérstaklega til, verði sem best samræmd í framkvæmd.